



The Dale Kofe

TÓNLIST ★★★★★

Sætabrauðsdrengirnir

Salnum í Kópavogi laugardaginn 21.
mars

SÖNGVARAR: VIÐAR GUNNARSSON,
BERGPÓR PÁLSSON, GARÐAR THÓR
CORTES OG GISSUR PÁLL GISSURARSON.
HALLDÓR SMÁRASON ÚTSETTI OG LÉK
Á PÍANÓ.

Þegar ég gekk inn í Salinn í Kópavogi rétt fyrir klukkan átta á laugardagskvöldið til að hlusta á hina svokölluðu Sætabrauðsdrengi, sat ungur maður við píanóið og var að spila djass. Þetta var Halldór Smárasón sem ég held að fæstir viti hver er. Ég kannaðist þó við kauða, var á tónleikum í sumar þar sem hann kom mjög við sögu. Tvö framúrstefnuleg og glæsileg tónverk voru flutt eftir hann sem báru ótvíræðum hæfileikum vitni. Og ekki bara það, þau voru líka myndin.

Þessi húmor var allsráðandi á tónleikunum núna, þótt útsetningar Halldórs hafi í sjálfu sér ekki verið nein ómstríð furðulegheit. Halldór lék allan tímann undir á píanóið, djassaði lög á borð við Litla tónlistarmanninn og Dagnýju. Lögin voru krydduð allskonar ærslum, bæði á meðan þau voru flutt og í kynningunum á undan. Um lagið Dalakofann sagði Halldór t.d. að á ensku hétu það The Dale Kofe. Í öðru var sungin ensk þýðing á setningunni „þið verðið að ýta bílnum, við erum að starfa hér“. Hún hljómaði svona: „You must eat the car, we are starving here.“

Söngvararnir gerðu óspart grín að sjálfum sér og létu allt flakka. Sumt má vissulega flokka sem fimmaurabrandara, en í stemningunni á tónleikunum voru slíkir brandarar líka myndnir. Söngvararnir voru þeir Viðar Gunnarsson, Bergþór Pálsson, Garðar

Thór Cortes og Gissur Páll Gissurarson. Sá síðastnefndi er ekki hár í loftinu og um það voru sagðar ófáar skrýtlur. Gissur t.d. kynnti lagið Litla tónlistarmanninn sem Tónlistarmanninn. Þegar hinir söngvararnir hváðu, öskraði Gissur alveg brjáláður: „Ókei, LITLI tónlistarmaðurinn!“

Söngvararnir skiptust á að kynna lögin, og á einum tímapunkti fór Gissur í fýlu vegna þess að hann fékk ekki að kynna næsta lag. Bergþór sagði þá við hann: „Gissur minn, þú færð að kynna fullt af lögum eftir hlé.“ Það dugði ekki til. Gissur gekk burt, settist í lítinn sófa og fór að borða banana, þungur á svip.

Eins og nærri má geta voru þetta skemmtilegir tónleikar. Útsetningarnar voru eftir Halldór eins og áður hefur komið fram (með örfáum undantekningum). Þær voru líflegar, samsöngurinn var þéttofinn og djasspíanóleikurinn var alltumlykjandi.

Það vantaði þó ákveðna fágun í sönginn. Söngvararnir sungu vel í sjálfu sér, en upp í opið geðið á hver öðrum, ef svo má segja. Með því á ég við að aðalsönglínurnar áttu það til að drukkna í mótröddunum. Einhver hefði þurft að stjórna söngvurunum á æfingum, dempa mótraddirnar svo meginlínurnar skiluðu sér betur. Samsöngurinn var ekki nógu fókuseraður á tónleikunum.

Halldór var hins vegar frábær á píanóinu. Hann er magnaður djassari og alls konar hlaup og hröð hljómaskipti léku í höndunum á honum. Og brandararnir hittu allir í mark, fólk bókstaflega veltist um af hlátri. Þrátt fyrir smá annmarka var þetta því skemmtileg kvöldstund. Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Það var glatt á hjalla á tónleikum Sætabrauðsdrengjanna á laugardagskvöldið. Enda fínir söngvararar og dagskráin full af gríni.